

## LÖG

### um breytingu á lögum um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, nr. 51/2021 (heimildir til skráningar brotamanna).

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 8. tölul. 2. gr. laganna bætist: og gruns um aðild einstaklinga að hryðjuverkum eða öðrum alvarlegum afbrotum.

2. gr.

Við 1. másl. 2. mgr. 7. gr. laganna bætist: að undanskildum skráningum skv. 14. gr. a og 14. gr. b.

3. gr.

Í stað orðanna „og 13. gr.“ í 1. másl. 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: 13. og 14. gr. a.

4. gr.

Í stað orðanna „venjubundna starfsemi lögreglu“ í 1. másl. 4. mgr. 14. gr. laganna kemur: venjubundin störf lögreglu, landamærayfirvalda og tollsins.

5. gr.

Á eftir 14. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, 14. gr. a og 14. gr. b, ásamt fyrisögnum, svohljóðandi:

a. (14. gr. a.)

*Skráning um einstaklinga sem grunaðir eru um aðild að hryðjuverkum eða öðrum alvarlegum afbrotum.*

Heimilt er að skrá upplýsingar um ríkisborgara þriðju ríkja sem grunaðir eru um aðild að hryðjuverkum eða öðrum alvarlegum afbrotum samkvæmt gögnum sem þriðju ríki eða alþjóðastofnanir veita Löggæslusamvinnustofnun Evrópusambandsins. Slíkar skráningar skulu gerðar að tillögu Löggæslusamvinnustofnunar Evrópusambandsins að undanfarinni greiningu og sannprófun gagnanna.

Tilkynna skal öðrum Schengen-ríkjum og Löggæslusamvinnustofnun Evrópusambandsins um skráningu skv. 1. mgr. með miðlun viðbótarupplýsinga. Innan 12 mánaða frá tillögu Löggæslusamvinnustofnunar Evrópusambandsins skal einnig tilkynna um niðurstöður sann-

prófunar og greiningar á gögnum og hvort gögnin hafi verið skráð í Schengen-upplýsingakerfið.

Heimilt er að skrá og tengja eftirfarandi hluti við skráningu einstaklings sem skráður er skv. 1. mgr. til að finna hann ef skýr vísbending er um að hlutirnir tengist viðkomandi: vélknúin ökutæki, eftirvagna með eigin þunga yfir 750 kg, hjólhýsi, báta, gáma, loftför, skotvopn, óútfyllt skilríki sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega, hafa horfið eða eru fölsuð og aðra greiðslumiðla en reiðufé. Um tengingu skráningar fer eftir 40. gr.

Heimilt er að skrá einstakling í upplýsingakerfið samkvæmt öðrum ákvæðum laganna ef skilyrði til skráningar eru uppfyllt og ákveðið hefur verið að skrá ekki skv. 1. mgr.

b. (14. gr. b.)

*Aðgerðir á grundvelli skráningar um einstaklinga sem grunaðir eru um aðild að hryðjuverkum eða öðrum alvarlegum afbrotum.*

Ef smellur fæst á grundvelli upplýsinga sem skráðar eru skv. 1. mgr. 14. gr. a skal safna og miðla eftirfarandi upplýsingum til skráningarríkisins með viðbótarupplýsingum eftir því sem unnt er:

- a. um að viðkomandi hafi fundist,
- b. um stað, tímasetningu og tilefni eftirlits,
- c. um ferðaleið og áfangastað,
- d. um samferðamenn viðkomandi sem leiða má líkur að að tengist viðkomandi,
- e. um hluti sem viðkomandi hefur meðferðis, þar á meðal ferðaskilríki,
- f. um kringumstæður þess að viðkomandi fannst.

Afla ber allra mögulegra gagna skv. a–f-lið 1. mgr. við venjubundin störf lögreglu, landmærayfirvalda og tollsins, þó einungis þannig að upplýsingaöflun og eftirlit haldist með leynd og að viðkomandi verði ekki var við eftirlitið.

Upplýsa skal Löggæslusamvinnustofnun Evrópusambandsins með viðbótarupplýsingum um:

- a. hvern smell sem fæst vegna skráningar skv. 1. mgr. 14. gr. a,
- b. þegar einstaklingur finnst á yferráðasvæði Íslands,
- c. hvern smell vegna skráninga er varða hryðjuverk, án þess að vera skráðar skv. 1. mgr. 14. gr. a.

Ákvæði 1. mgr. gildir einnig þegar upplýsa þarf Löggæslusamvinnustofnun Evrópusambandsins um að einstaklingur sem skráning varðar finnst á yferráðasvæði Íslands, sbr. b-lið 3. mgr.

Heimilt er í undantekningartilvikum að víkja frá upplýsingaskyldu til Löggæslusamvinnustofnunar Evrópusambandsins um smelli sem fást vegna skráninga sem getið er um í c-lið 3. mgr. ef það myndi hindra eða hafa áhrif á rannsókn máls, öryggi einstaklings eða öryggishagsmuni ríkisins.

6. gr.

Á eftir tilvísuninni „13.“ í 1. másl. 3. mgr. 39. gr. laganna kemur: 14. gr. a.

7. gr.

Í stað orðanna „og 13. gr.“ í c-lið 2. mgr. 45. gr. laganna kemur: 13. og 14. gr. a.

8. gr.

Í stað orðanna „og 13. gr.“ í 1. másl. 3. mgr. 46. gr. laganna kemur: 13. og 14. gr. a.

9. gr.

Á eftir 6. mgr. 47. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Upplýsingum um einstaklinga sem skráðar eru í kerfið skv. 14. gr. a skal eytt ef ákvörðun um að eyða skráningu hefur verið tekin hjá lögbæru yfirvaldi skráningarríkis og eftir því sem við á að tillögu Löggæslusamvinnustofnunar Evrópusambandsins.

10. gr.

2. mgr. 57. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um:

- a. starfsemi SIRENE-skrifstofu skv. 5. gr.,
- b. aðra verðmæta hluti en taldir eru upp í 1. mgr. 36. gr. sem hægt er að bera kennsl á og skal skrá í upplýsingakerfið,
- c. skráningu og vinnslu persónuupplýsinga skv. IX. kafla.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar reglugerð (ESB) 2022/1190 frá 6. júlí 2022 um breytingu á reglugerð (ESB) 2018/1862 að því er varðar innfærslu upplýsingaskráningar í Schengen-upplýsingakerfið um ríkisborgara þriðju landa í þágu sambandsins kemur til framkvæmda skv. 2. mgr. 2. gr. þeirrar gerðar.

Ráðherra skal birta auglýsingu í Stjórnartíðindum með minnst tíu daga fyrirvara um gildistöku laga þessara.

*Gjört á Bessastöðum, 9. apríl 2026.*

**Halla Tómasdóttir.**

(L. S.)

*Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir.*